



Skorradalshreppur

Félags- og húsnaðismálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

2508003 SÓÁ

Umsögn

Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Á 192. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 18.8.2025 var fjallað um mál nr. S-120/2025 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Hlutverk Skipulagsstofnunar er skilgreint í skipulagslögum nr. 123/2010 og hlutverk HMS er skilgreint í Mannvirkjalögum nr. 160/2010. Skipulags- og byggingarmál eru mikilvægir málaflokkar sem ber að halda vel utanum. Nefndin styður að regluverkið og stjórnsýsla verði einfölduð við sameiningu stofnanna, en nefndin leggur til að framkvæmdaleyfis- og umhverfismatshlutinn verði fundinn annar staður en í HMS.

Hvanneyri 18. ágúst 2025
Virðingarfyllst,

Sigurge Ósk Áskelsdóttir
Sigurge Ósk Áskelsdóttir,
skipulagsfulltrúi SKORRADALSHREPPS